



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Alþingishúsinu v/Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/882
komudagur 10.12.2007

Reykjavík, 04.12.2007
Tilv. 2007/0065 - 02.109
GSJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, 37. mál

Félag íslenskra stórkaupmanna vísar til erindis Alþingis frá 13. nóvember sl. þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, 37. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að þeir sem leyfi hafa til sölu tóbaks í smásölu sé heimilt að selja nikótínlyf sem ekki eru lyfseðilsskyld. Tekið er fram að um söluna gildi ákvæði laga um tóbaksvarnir eftir því sem við á.

Í frumvarpinu er margt ósagt sem nauðsynlegt er að tekið verði á sé það ætlun Alþingis að flyta lyfsölu í almennar verslanir. Má þar nefna sem dæmi:

- hvernig ákvæðum 1. gr. lyfjalaga um öryggisblöð og fræðslu um notkun lyfs verði uppfyllt í verslunum,
- hvort endursöluaðilar hafi skyldum að gegna hvað við kemur vöruframboði og fánleika,
- hvernig eftirliti með sölu nikótínlyfja í verslunum skuli háttað,
- þurfa verslanir að hafa viðunandi ferla til að getað innkallað vörur.

Samkvæmt þessu er ljóst að ekki er hugsað til enda hvernig staðið skuli að framboði og eftirliti með nikótínlyfjum í almennum verslunum og nauðsynlegt að betur sé vandað til slíkrar lagasetningar ef ætlun löggjafans er að flytja hluta lyfsölu í almennar verslanir.

Í ljósi ofanritaðs leggst Félag íslenskra stórkaupmanna gegn því að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllt
f.h. Félags íslenskra stórkaupmanna


Sigurður Örn Guðleifsson, hdl.